

Stjórn Samtakanna '78
Starfsárið 2015 - 2016
3. fundur

Ár 2015, mánudaginn 18. maí kl. 20.00 var haldinn fundur stjórnar Samtakanna '78.
Jósef Smári Brynhildarson ritaði fundargerð.

Fundinn sátu Hilmar Hildarson Magnússon formaður (HHM), Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir alþjóðafulltrúi (APÓ), Steina Dögg Vigfúsdóttir gjaldkeri (SDV), Jósef Smári Brynhildarson ritari (JSB), Kitty Anderson meðstjórnandi (KA) og Sesselja María Mortensen áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs (SSM). Einnig sat fundinn Árni Grétar Jóhannsson framkvæmdastjóri (ÁGJ).

Forföll: Matthew Deaves meðstjórnandi (MD) og María Rut Kristinsdóttir varaformaður (MRK).

1. Fjármál

SDV fer yfir stöðuna. Ákveðið að ýta á eftir ríki og borg. Til ráðstöfunar eru nú 3,6 m.kr. en félagið á inni um 800 þúsund vegna uppgjörs á Laugavegi 3. Ljúka þarf fjármögnun framkvæmda við Suðurgötu 3 og vegna 'Stattu með' verkefnis en þessi verkefni munu fyrirsjáanlega valda því að reksturinn fer undir núllið. Rætt um tímabundinn yfirdrátt þar til rekstrarfé frá ríki og borg skilar sér. HHM leggur til að safnað verði á Karolínafund fyrir húsgögnum og framkvæmdum á Suðurgötunni. Samþykkt að skoða ítarlega þann möguleika.

2. Úgandaverkefni

Samþykkt að setja allt á fullt í að klára verkefnið og koma fjármagni til Úganda.

3. Lögfræðimál

HHM og ÁGJ hafa verið í sambandi við Sævar Þór Jónsson lögmann hjá Lögmonnum Sundagörðum en hann hefur rætt um að bjóða félögum upp á lögfræðipjónustu og ráðgjöf og leita styrkja til félagsins. Samþykkt að halda viðræðum áfram.

4. Ungliðahreyfing

Rætt um ungliðamál. Hörgull hefur verið á sjálfbóðaliðum til að hafa umsjón með starfinu. SMM leggur til að umsjónarfólk fái að auglýsa eftir sjálfbóðaliðum sem fyrst. Samþykkt. Rætt um 300.000 kr. styrk sem ungliðar hafa fengið og verður notaður í fræðsluefni o.fl.

5. Önnur mál

KA leggur til að skoða vef m.t.t. 'hits' á Google o.fl. Samþykkt að MRK skoði með vefstjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.50. Næsti fundur ákveðinn 1. júní nk. kl. 20.00.